

STJÓRNARTÍÐINDI B 35 – 2002

Nr. 193

434

14. mars 2002

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016, Suðurhlíð 38.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. mars 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að landnotkun á lóðinni nr. 38 við Suðurhlíð er breytt úr stofn-
anasvæði í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um
og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til stað-
festingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 14. mars 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 194

14. mars 2002

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Suðurhlíð 38, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 19. febrúar 2002, breytingu á deiliskipulagi varðandi lóðina nr. 38 við Suðurhlíð. Í breyting-
unni felst m.a. að heimilt verður að byggja á lóðinni íbúðarhús á fjórum hæðum, með allt
að 46 íbúðum, í stað þeirra bygginga sem þar voru áður.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 14. mars 2002.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.